



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 17/2023

Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga Sýn hf.

I. Málsmeðferð

1.

Þann 13. febrúar 2023 kom starfsmaður Neytendastofu í verslunina Vodafone í Smáralind, sem rekin er af Sýn hf., í þeim tilgangi að kanna ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vörum sínum og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vörum með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í versluninni var ábótavant. Gerðar voru sérstakar athugasemdir við óverðmerkt úr, heyrnatól og hreinsisprey.

Starfsfólk Vodafone kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasendum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Sýn hf., dags. 24. febrúar 2023, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.

Hinn 24. mars 2023, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í versluninni. Enn voru gerðar athugasemdir við að verðmerkingum væri ábótavant, en engar verðmerkingar var að finna á úrum og hreinsispreyji.



Með bréfi Neytendastofu til Sýn hf., dags. 24. apríl 2023, var félaginu gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdu í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Ekkert svar barst

II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Sýn hf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslun Vodafone í Smáralind í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vörur sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglnanna:

„Fyrirtæki skal skyrt og greinilega merkja vörur sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vörur enda sé augljóst til hvaða vörur verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“

Samkvæmt ákvæðunum ber versluninni að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar í verslun Vodafone í Smáralind þær að verðmerkingar voru ábótavant og sérstakar athugasemdir gerðir við að verðmerkingar skorti á



úr og hreinsisprey. Eftir fyrri skoðun var féluginu gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í versluninni sinni og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert innan tilskilins frests og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvalssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Sýn hf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Sýn hf., Suðurlandsbraut 8, 105 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, með óviðunandi verðmerkingum í verslun Vodafone í Smáralind.“

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Sýn hf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 15. maí 2023

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir